

Gammafundur haldinn miðvikudaginn 6. nóv. 19, Einholti 12 í Rvk.

1. Formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Því næst var nafnakall en á fundinn voru mættir 27 félagar: Björk, Bryndís Jóna, Edda P., Elín, Fríða, Gerður, Guðný, Hanna Halldóra, Helga Th., Hertha, Hildur J., Hildur S., Hrefna Þ., Ingibjörg Einarsd., Ingibjörg Jóhannsd., Ingibjörg Jónasar., Dr. Kristín, Kristín J., Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Renata, Sigríður, Sigrún og Soffía.
3. Lesin fundargerð síðasta fundar sem samþykkt var samhljóða.
4. Formaður hóf fundinn á að ræða um þörfin á því að fjölga í deildinni og hvatti félagskonur til að senda sér tillögur um nýja félag með rökstuðningi fyrir áramótin. Æskilegt væri að fá fleiri úr Háskólageiranum þ.e. skóla- og listafólk. Skiptar skoðanir voru á þörfinni nú í dag s.s. erum við ekki nógu margar, þurfum við ekki að sinna betur nýjustu félagsmönnum?
5. Enn fremur benti formaður á að uppstillinganefnd þarf að fara að taka til starfa og koma með tillögur til stjórnakjörs í maí. Hverjar eru í uppstillinganefnd er ekki á hreinu og verður farið í rannsóknarvinnu varðandi það.
6. Aðalerindi kvöldis hélt Dr. Sigrún Aðalbjarnadóttir sem bar heitið Hvernig getum við búið æskuna sem best undir að takast á við samtíð sína og framtíð? Hún hóf máls sitt á því að vitna í einn viðmælnda sinn sem var kominn að þeirri niðurstöðu að hann og móðir hans hafi komið sér um háþróaða leið í samskiptum með að leysa mál. Hvaða veganesti er mikilvægast fyrir börn og ungmenni þegar horft er til samtíðar og framtíðar? Tungumálið, samskiptahæfni, góð líðan, jákvæðar sjálfsmyndir, skapandi hugsun og hæfn til nýsköpunar, gagnrýning og sjálfstæð hugsun. Sigrúnu er hugleikin mikilvægi samskiptahæfni sem er m.a. að geta sett sig í spor annarra og greint og samræmt mismunandi sjónarmið. Allt byggist þetta á mannskilningi, mennsku og mannréttindum. Síðan vék Sigrún að langtímarannsókn sem hún gerði og er gerð skil í bókinni Lífsögur ungs fólks. Þar kom fram að 14 ára ungmenni sem sýndu meiri samskiptahæfni voru líklegri til að tjá betri líðan, meiri trú á eigin sjálfstjórn og betri námsárangur á samræmdum prófum tíunda bekkjar. Í dag er mikill samhljómur í menntastefnum víða um veröld um mikilvægi þess að efla samskiptahæfni. Samkvæmt Diönu Baumrind eru uppeldishættir foreldra mismunandi s.s. leiðandi, eftirlátir, skipandi og afskiptalausir. Stóra spurningin er getum við elft samskiptahæfni og þá hvernig? Skólaþróunarverkefnið: Hlúð að félags- og tilfinningaþroska nemenda var með það að markmiði Að efla samskiptahæfni.... Gerð skil í bókinni Virðing og umhyggja (1988). Fléttuðu inn í verkefnið mismunandi aðferðir s.s. að leysa álita- og ágreiningsmál eftir ákveðnum þrepum. Þetta var skólaþróunarverkefni yfir skólaárið þar sem skapað var lærdómsfélag og aðstaða til að ígrunda starfið. Þegar upp var staðið eftir alla gagnasöfnunina þá var þetta starfendarannsókn frekar en rannsókn. Sigrún kom með dæmi um hvernig einstaklingar sem hún fylgdi eftir frá 15 ára aldri og voru jafnvel komin með börn bæru með sér uppeldishætti/aðferðir úr bernsku og nýttu sér við uppeldi sinna barna á jákvæðan hátt. Rannsóknin styður við hve mikilvægt er að börn búi við gott atlæti og góð samskipti í bernsku. Hverjar eru áskoranirnar og tækifærin í framtíðinni? Rækta mennskuna bæði heima og heiman, veita faglegan stuðning fyrir foreldra jafnt sem kennara. Sál hvers samfélags birtist skýrasti í því hvernig samfélagið hugsar um börnin (Mandela).
7. Í kaffihlé voru glæsilegar veitingar að hætti Gammakvenna, sem snæddar voru með ánægju.

8. Sigrún fékk margar spurningu í lokin og tjáði sig um það að sem hún væri mest uggandi um væri tengslamyndun ungra barna. Foreldra ynni mikið úti og gagnrýni eða umræða um mikilvægi tengslamyndun barna við fullorðna tækju margar konur frekar illa þ.e. fara í vörn. Mikil umræða varð um út frá erindi hennar og sitt sýndist hverjum s.s. hvaða áhrif hefur leikskóladvöl á börn frá unga aldri. Ljóst er að það vantar rannsóknir varðandi líðan barna í leikskólum.
Sigrún bar upp hvort hægt væri að taka upp spurninguna Hvernig getum við búið æskuna sem best undir að takast á við samtíð sína og framtíð? Hvað getum við Gammasystur gert? á öðrum fundi í vetur.
9. Önnur mál. Ingibjörg Jónasdóttir hvatti konur til að senda inn greinar til Helgu Th. sem hún myndi setja inn á Forum.
10. Formaður minnti á jólafundinn og allar frá Ingibjörgu Jóhannsd. komi með veitingar á hann og fyrri hlutinn komi með veitingar á janúarfundinn.

Fundi slitið kl. 22:10.

Ritari Hildur Skarphéðinsdóttir